

# Minnisblað

Til: Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 10. desember 2020  
Mnr. 2020030081



ÍSAFJARÐARBÆR

## Suðurtangi 14 - Hreinsun Lóðar

Mánudaginn 30. nóv. sl, voru opnuð tilboð í verkið „Suðurtangi 14, hreinsun lóðar“ Verkið felur í sér að verktaki grafi 1.5 m niður í jörðina og flokki frá rusl sem kemur upp, þar getur verið um að ræða heimilissorp, steypubrot, dekk, timbur, net o.fl. Þegar búið er að flokka ruslið úr uppgreftinum, skal jafna hann í neðri hluta holunnar og keyra uppsprengdum kjarna yfir uppgröftinn í sömu hæð og núverandi lóðar.

Tilboð bárust frá fimm aðilum og eru eftirfarandi eftir yfirferð

Hreinsun lóðar „Suðurtangi 14“		
Bjóðandi	Boðið verð	Hlutfall %
Keyrt og mokað	5.441.834	103,7
Kubbur ehf.	5.177.350	98,7
Steypustöð Ísaf.	3.787.452	72,2
Terra	4.377.670	83,4
Þotan	5.441.834	103,7
<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>5247400</b>	

Undirritaður leggur til að samið verði við Steypustöð Ísafjarðar á grundvelli tilboðs þeirra að upphæð 3.787.452.-kr. eða um 72.2% af kostnaðaráætlun.

